

maður er fjarverandi má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt, sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

67
14. maí

53. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum allt að kr. 10000.00, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð Sauðárkróks.

54. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

55. gr.

Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Sauðárkrókshöfn, nr. 136 16. des. 1938, og reglugerðarbreyting frá 11. maí 1942.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 14. maí 1949.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

68

9. maí

um breyting á reglugerð nr. 134 27. júlí 1945 um skyldu skipa og flugfara til að koma á tilteknar hafnir eða flugstöðvar til þess að fá fyrstu afgreiðslu hér á landi.

Auk þeirra hafna, sem skip nú mega fá fyrstu afgreiðslu á samkvæmt 1. grein reglugerðarinnar, má frá 1. júní n. k. einnig veita skipum fyrstu afgreiðslu í Keflavík og á Húsavík.

Fjármálaráðuneytið, 9. maí 1949.

F. h. r.

Magnús Gíslason.

Einar Bjarnason.